

Stjórnarfundur GHG 29. apríl 2014

Mættir voru: Auðunn, Össur, Sigrún, Páll, Alfreð, Morten, Ásta og Þorsteinn.

1. Farið yfir fundargerð frá 1. apríl – hún samþykkt. Farið yfir fundargerð frá 22. apríl – hún samþykkt.
2. Frá nefndum.

Kvennanefnd. Sigrún segir frá vel heppnuðu kvennakvöldi. Einnig segir hún frá fyrirhuguðu kvenna miðnæturmóti sem er verið að undirbúa.

Mótanefnd. Þorsteinn segir frá vinnu mótanefndar. Einnig segir hann frá innanfélagsmótum, 16 mót fara fram og gilda 10 bestu mótin. Þjóða á upp á rýmri rástíma í maí eða frá hádegi á keppnisdag. Auðunn leggur áherslu á að mótastarf verði sýnilegt.

Afreksnefnd. Einar Lyng hefur samþykkt að þjálfa á fimmtudagskvöldum í sumar. Fyrsta æfing fyrirhuguð 15. maí.

Vallarnefnd. Össur lýsir yfir ánægu með verklegar framkvæmdir á vinnudegi á velli, vinnudagurinn hafi tekist vel. Auðunn segir frá því að Kristinn hafi náð munnlegum samningi við Sigurð Hlíðar um slátt á knattspyrnuvöllum. Nánari útfærsla liggur fyrir síðar. Sigrún spyr um verkætlan fyrir völl, hún hefur nokkrar athugasemdir um hvað á eftir að gera á velli áður en slátturrútína hefst. Hún mun senda þær á vallarnefnd. Umræður.

Húsnefnd. Alli segir frá fundi hjá húsnefnd. Þar voru teikningar af skála skoðaðar. Nefndin telur að nokkur atriði séu aðkallandi, s.s. gámamálin, geymsla fyrir golfbíla. Einnig er aðkallandi að fara í þakviðgerðir. Forhitarar orðnir tæpir í kjallara, Alli leggur til að unnið verði að því að undirbúa viðgerðir.

Útbreiðslu- og skemmtinefnd. Ásta segir frá því að kynningardagur sé í undirbúningi. Nánar að því síðar. Sigrún spyr um fréttablað. Hún stingur upp á að Krumminn, fréttablað í Hveragerði, verði notaður til upplýsingagjafar í stað fréttablaðs frá GHG. Hægt væri að kaupa auglýsingu og fá umfjöllun. Auðunn tekur undir þetta og býðst til að hafa samband við útgefendur blaðsins. Össur biður um að útfærsla á „fóstrun“ nýliða liggi fyrir á félagafundi í maí.

Fjármálateymi. Teymið kláraði að hafa samband við félagsmenn um páska. Vel tekið í þá vinnu og góð viðbrögð. Lagt til að þetta verði gert árlega. Stjórn samþykkir.

Aðrar nefndir höfðu ekki nýjar fréttir að svo stöddu.

3. Félagsfundur. Auðunn stingur upp á að fundurinn fari fram 5. maí n.k. Einnig leggur hann til að formenn nefnda kynni starf sinna nefnda og hvað er framundan á árinu. Auðunn sér til þess að kynning á fundi fari af stað.
4. Sviðsmyndir. Auðunn rifjar upp ályktun stjórnar frá 14. janúar. Þar var ályktað að núverandi rekstrarfyrirkomulag ætti að standa til loka golftímabils 2014. Auðunn leggur til að unnið verði í þessari röð:
 - Hugmyndavinna
 - Kostnaðarmat
 - Val á milli sviðsmynda

Einnig leggur Auðunn til að stjórn skipti sér upp í vinnuhópa, ásamt varamönnum. Þessi hugmynd hlýtur samþykki. Auðunn leggur til að hann skipi hópa. Alli leggur til að fundað verði í húsnæði Grunnskólans, fyrst fundi hóparnir og svo komi stjórn saman og ræði tillögur vinnuhópa. Umræður. Auðunn leggur áherslu á að hugmyndavinnan komi á undan kostnaðarmati. Morten leggur til að gerður verði samstarfssamningur við Hveragerðisbæ, farið verði strax í framkvæmdir við endurbætur á húsnæði, því komið í ábótasaman rekstur sem einkaaðilar sæu um. Lagt til að þetta verði rætt á næsta fundi, þriðjudaginn 13. maí kl. 17:00.

5. Önnur mál.

- Auðunn ræðir skilgreiningu á aukaaðild. Hann leggur til að í raun öðlast sá er kaupir aukaaðild sömu réttindi og aðrir félagsmenn. Viðkomandi geti hins vegar ekki tekið þátt í meistaramóti GHG ef hann keppir á meistaramóti annars klúbbs. Viðkomandi verður að velja hvar hann ætlar að keppa á meistaramóti. Tillaga samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:35